

2. GlámuvirkJun¹

Virkjunin byggist á löngum jarðgöngum (safngöngum) sem liggja nánast í hálfhring umhverfis Glámuhálendið og veita til einnar virkjunar öllu afrennsli frá Stóra Eyjavatni á vatnasviði Dynjandisár og Hólmavatni á vatnasviði Vatnsdalsár í suðri, austur og norður um allt til Hestfjarðar.

Fyrirhugað er að taka rennsli vatnsfalla á Glámusvæðinu, sem afrennsli hafa til Arnarfjarðar (Dynjandisá/Stóra Eyjavatn), Breiðafjarðar og Ísafjarðardjúps, ofan við 450-500 m y.s. og flytja það um boruð jarðgöng/safngöng til Hestfjarðar þar sem það yrði virkjað í 460 m falli niður í stöðvarhúsi í botni Hestfjarðar. Miðlanir verða gerðar í Stóra Eyjavatni 16 Gl svo og Hólmavatni, Kjálkavatni, Tröllárvatni, Miðdalsvatni, Hvanndalsvatni eystra, Rjúkandavatni og Hundsvatni alls um 48 Gl. Heildarstærð miðlana verður því um 64 Gl. Óvissa er nokkur um stærð miðlana enda stíflustæði lítt þekkt á þessu stigi. Heildarvatnasvið virkjunarinnar er um 188 km².

Veitugöng verða heilboruð, þvermál þeirra væntanlega um 4,0 m og heildarlengd um 31,4 km að meðtöldum 1360 m löngum göngum út úr Stóra Eyjavatni. Inntaksmannvirki verða byggð í eða við farvegi viðkomandi áa og aðrennslisgöng boruð eða sprengd niður í safngöngin. Veitugöngin enda í vatni 457 á brún Hestfjarðardals suður af fjarðarbotninum, en þar verður inntak virkjunarinnar og frá því aðrennslis- og fallgöng niður í stöðvarhúsið á bakka Hestfjarðarar í botni Hestfjarðar. Gert er ráð fyrir að stíflur verði úr jarðefnum með þéttidúk til þéttingar vatnsmegin og ölduvörn, en yfirföll verði á náttúrulegu bergi eða steypit.

Á veitusvæðinu á Glámuhálendinu í 450 - 500 m y.s. er ekki mikill gróður². Mestur hluti svæðisins er að mestu gróðursnaudir grýttir melar. Á stöku stað er þó nokkuð um lyng og stöku blómplöntur og mosa sums staðar við lækjarfarvegi. Neikvæð umhverfisáhrif GlámuvirkJunar felast væntanlega fyrst og fremst í minnkun rennslis í Dynjandisá til Arnarfjarðar svo og í ám á Barðaströnd og í Ísafjarðardjúpi, sem nýttar verða í fyrirhugaðri GlámuvirkJun.³

Yfirlitstafla

Einkennisstærðir	GlámuvirkJun
Meðalrennsli til virkjunar (m ³ /s)	16,4
Vatnasvið til virkjunar alls (km ²) ³	188,1
Yfirfallshæð í inntakslóni (m y.s.)	562,5
Miðlun (Gl) ⁴	64
Lengd ganga (km)	31,4
Efni úr göngum (m ³)	~420.000
Afl (MW), 2 Pelton hverflar	67
Orkugeta (GWh/a)	400
Hagnaðarflokkur	5?


¹ Almenna verkfræðistofan og Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen 2002. *GlámuvirkJun. Forathugun. „Bráðabirgðaskýrsla“*. Unnið fyrir Orkubú Vestfjarða. Apríl 2002.

² Náttúrustofa Vestfjarða, 2008. Gróðurathugun á Glámu. Hafdís Sturlaugsdóttir og Cristian Gallo. Unnið fyrir Orkubú Vestfjarða. N.V. nr. 24-08, des, 2008, 14 bls.

GLAMUKKIJUN
|
HESTIRI



- Sisältö:**
- Suojavyöhyke
 - Suojat
 - Valtuutusalue
 - Suojavyöhyke
 - Valtuutusalue
 - Suojavyöhyke
 - Valtuutusalue




 Alueenvalvontayksikkö
 PLATTINEN 26
 10810 HELSINKI
 Puh. 09 255 8100
 Faksi 09 255 8101
 www.alueenvalvonta.fi

GLAMUKKIJUN	
PROJEKTIN YHTEYSHENKILÖ	
Nimi	10.10.2023
Paikka	10.10.2023
Maastokuva	10.10.2023
Maastokuva	10.10.2023
Maastokuva	10.10.2023

Viðauki 1

NOKKRAR EINKENNISSTÆRÐIR GLÁMUVIRKJUNAR Í HESTFIRÐI

Vatnasvið virkjunar

Vatnasvið Stóra Eyjavatns	15,0 km ²
Vatnasvið Hólmavatns/Vatnsdalur	38,5 km ²
Vatnasvið til Breiðafjarðar austan Vatnsdals	37,9 km ²
Vatnasvið til Ísafjarðardjúps	96,7 km ²
Vatnasvið til virkjunar alls	188,1 km ²

Meðalrennsli (vatnsárin 1961-1999 skv. HBV líkani)

Meðalrennsli til virkjunar	16,4 m ³ /s
Virkjað rennsli	17,0 m ³ /s
Brúttófallhæð (462 - 2 m y.s.)	460 m

Miðlanir

Stóra Eyjavatn (HV 570, LV 555 m y.s.)	16 Gl óbreytt
Hólmavatn (HV 498, LV 488,5 m y.s.)	9 Gl 0,8 km ² → 1,5 km ²
Kjálkavatn (HV 512, LV 506 m y.s.)	8 Gl 0,7 km ² → 1,1 km ²
Tröllárvatn (HV 501, LV 494 m y.s.)	7 Gl 0,8 km ² → 1,3 km ²
Miðdalsvatn (HV 474, LV 465 m y.s.)	5 Gl óbreytt
Hvanndalsvatn (HV 475, LV 466 m y.s.)	5 Gl
Rjúkandavatn (HV 574, LV 568 m.y.s.)	3 Gl 0,2 km ² → 0,5 km ²
Hundsvatn (HV 580, LV 569 m y.s.)	11 Gl óbreytt
Samtals	64 Gl